

## Reglur um landsliðsstyrk afreksíþróttasviðs

Reglur afreksíþróttasviðs Borgarholtsskóla um veitingu landsliðsstyrks

1. Landsliðsstyrkur afreksíþróttasviðs Borgarholtsskóla er veittur tvisvar á ári þeim nemendum sem uppfylla neðangreind skilyrði.
  2. Nemendi hefur áunnið sér styrk með því að hafa verið valin/-n til þátttöku í landsliðsverkefnum erlendis á vegum sérsambanda ÍSÍ eða sambærilegra erlendra sérsambanda. Styrkþegar skulu stunda nám við Borgarholtsskóla og vera skráðir í afreksíþróttasviðsáfangi á þeirri önn sem landsliðsverkefnið fer fram. Skilyrði til að hljóta styrk er að nemandi hafi uppfyllt samning sinn við afreksíþróttasviðið að fullu..  
Styrktímabil skiptast sem hér segir:
    - a) Vegna vorannar - afhending styrkja fer fram í maí.
    - b) Vegna haustannar - afhending styrkja fer fram í janúar.
  3. Til að koma til greina sem styrkþegi skal nemandi skila inn eftirfarandi gögnum:
    - a) Staðfestingu á vali í landsliðshóp.
    - b) Afriti af flugmiða.  
Skil á umsókn fer fram rafrænt á þar til gerðu eyðublaði.
  4. Einungis er veittur einn styrkur á hvern nemanda á önn, þótt nemandi hafi tekið þátt í fleiri verkefnum sem uppfylla ofangreind skilyrði.
- Upphæð styrks getur numið allt að kr. 25.000,-.  
Samanlögð hámarksupphæð styrkja á hverri önn er kr. 500.000,-